

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:

<i>Gjald- flokkur nr.</i>	<i>Tegund iláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ilát á ári</i>
A.1	120 l spartunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	21.000
A.2	120 l spartunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	27.100
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	34.200
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	42.500
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	94.050
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	116.875
		<i>kr./losun</i>
A.7	3 m ³ gámur	20.100
A.8	4 m ³ gámur	24.800
A.9	5 m ³ gámur	29.400

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:

<i>Gjald- flokkur nr.</i>	<i>Tegund iláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ilát á ári</i>
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	10.200
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	15.600
B.3	660 l blátt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	28.050
B.4	660 l blátt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	42.900
		<i>kr./losun</i>
B.5	3 m ³ gámur	6.300
B.6	4 m ³ gámur	6.300
B.7	5 m ³ gámur	6.300

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:

<i>Gjald- flokkur nr.</i>	<i>Tegund iláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ilát á ári</i>
C.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	10.600
C.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	16.000
C.3	660 l grænt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	29.150
C.4	660 l grænt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	44.000
		<i>kr./losun</i>
C.5	3 m ³ gámur	6.700
C.6	4 m ³ gámur	6.800
C.7	5 m ³ gámur	6.900

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, lífúrgangur:

<i>Gjald- flokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
D.1	120 l brún tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	13.200
D.2	120 l brún tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	19.300
		<i>kr./losun</i>
D.3	3 m ³ gámur	16.200

Gjaldi fyrir tunnur og ker er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun eða endurvinnslu úrgangs. Gjaldi fyrir gáma er ætlað að standa undir kostnaði við hirðu og förgun eða endurvinnslu.

Aðrir gjaldaliðir:

Merkfir pokar fyrir tilfallandi umfram blandaðan úrgang: 1.282 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun: 4.700 kr./ferð auk 1.650 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun djúpgáma: 4.700 kr./ferð auk losunargjalds djúpgáma hér að framan.

Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva: 17.850 kr./íbúð. Gjaldi vegna grenndar- og endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva SORPU bs.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta, er 3.500 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg nr. 860/2021.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 21. desember 2021.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2021